

Framboð til varastjórnar LH



Gróa Björg Baldvinsdóttir – Hestamannafélagið Fákur

Ég er fædd og uppalin á Vesturlandi í Dölunum með hestana í bakgarðinum – var því fyrstu árin í hestamannafélaginu Glaður. Hef alla tíð haft mikinn áhuga á hestamennsku, tamdi og þjálfaði hross öll sumur og vetur en frá því ég hóf laganám hefur hestamennskan fyrst og fremst verið áhugamál hjá mér.

Í dag starfa ég sem framkvæmdastjóri sjálfbærar menningar og stjórnarhátta hjá Terra umhverfisþjónustu hf. ásamt því að vera stundakennari við Háskólann á Bifröst þar sem ég kenni stjórnarhætti fyrirtækja, auk þess er ég nefndarmaður í Viðurlaganefnd Kauphallar Íslands. Áður starfaði ég sem framkvæmdastjóri stjórnarhátta og gæðamála hjá Skeljungu hf. en undanfari þess var ég yfirlögfræðingur og regluvörður hjá félaginu. Þá starfaði ég í tæp sex ár sem lögmaður á Landslögum lögmannsstofu. Þá hef ég setið í ýmsum nefndum, stjórnnum og tekið þátt í margvíslegu félagsstarfi.

Í ársbyrjun 2021 tók ég sæti í landsliðsnefnd LH. Það hefur verið gaman að taka þátt í því starfi og áframhaldandi mótun á starfi landsliðsins. Í gegnum nefndarstarfið hef ég aðeins kynnst starfi LH.

Ég býð mig fyrst og fremst fram því mér þykir vænt um hestamenskuna og þau jákvæðu áhrif sem íþróttastarfið getur haft á þá sem iðka sportið. Ég væri til í að sjá skýrari boðleiðir almennt í íþróttastarfi hvað varðar viðbragðsáætlanir í málum tengd einelti, áreitni og öðru slíku enda viljum við vonandi öll koma í veg fyrir allt slíkt svo börn, ungmenni og allir geti stundað sína íþrótt óáreitt. Ég sé líka fram á að geta miðlað minni þekkingu hvað varðar stjórnarhætti, vinnubrögð og verkferla til að efla enn meir faglega umgjörð í starfi LH. Ég hef áhuga á að starfa áfram í landsliðsnefnd.